



# Öldubrot

## Fréttabréf Öldutúnsskóla



20. árgangur, 4. tölublað

Október 2005

Ábm.: Guðmundur I. Jónsson

Fréttabréfið er sent í tölvupósti til allra foreldra. Það er einnig á vefsíðu skólans.

### Mikilvægt að muna:

- Veikindi skulu tilkynnt á skrifstofu skólans. Munið að hringja daglega fyrir kl. 9 meðan veikindi standa yfir.
- Heimasíða skólans er: [www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Heimasíða félagsmiðstöðvarinnar er: [www.aldan.is](http://www.aldan.is)
- Sími skólans er 555 1546 og er skrifstofa skólans opin kl. 8-16 virka daga nema föstudaga en þá

### Meðal efnis í blaðinu

Skólalæpingið	1
Olweusarverkefnið og eineltishringurinn	2
Niðurstöður viðhorfa-könnunar	3
Umbótaáætlun og umbótaverkefni	3
Til umhugsunar	3
Tilkynningar og fréttaskot	4

## Skólalæping Öldutúnsskóla

### Skólalæpingið – stefna og sérstaða Öldutúnsskóla

Í samvinnu við foreldraráð var ákveðið á síðasta skólaári að efnt skyldi til stefnumótunarþings. Þann 11. október sl. rann sá dagur upp og saman komu starfsmenn, foreldrar og nemendur úr skólanum. Á þinginu voru um 80 manns sem var skipt í 10 hópa. Umræðuefnin voru þrjú:

- 1) Skólalæping: Lykilspurningar voru um hlutverk skólans, gildismat og

hvaða eiginleikum við viljum að börnin búi yfir þegar þau ljúka grunnskólalæpingu sinni.

- 2) Heimanám: Til hvers heimanám?

Mismunandi kröfur til nemenda eftir aldri og þátttaka foreldra í heimanámi.

- 3) Samstarfsverkefni heimila og skóla. Eftir hópinnu komu þátttakendur saman á sal og hver hópur gerði grein fyrir áhersluatriðum sem flokkuð voru eftir mikilvægi. Hugmyndunum var síðan skilað skriflega til skólalæpingar. Það er tilhlökkunarefni að vinna úr þeim hugmyndum sem þarna eru saman komnar.



Við stefnum að því að nota veturinn til að vinna úr þessum efnivið og að endurskoðuð stefna skólans líti dagsins ljós í febrúar á næsta ári.

Hér á eftir eru tiltekin nokkur atriði sem voru í forgangsflokki hópanna um hlutverk skólans og gildismat. Við birtum listann með hugmyndunum í heild sinni á vefsíðu skólans.

### Hlutverk skólans

Mennta, efla nemendur í að nýta hæfileikana, þjálfá hópinnu og sjálfstæð vinnubrögð, laða að hæft starfsfólk, fjölbreyttir kennsluhættir, nýta styrkleika nemenda, kenna upplýsingaleit, efla sjálfsbjargarviðleitni, stuðla að vísýni, koma í veg fyrir einelti, styrkja og þroska sjálfsmynd, vera fyrirmynd í vinnubrögðum 21. aldar, nútímalegur skóli, kynna fyrir nemendum sem flest á sviði þekkingar og mannlegra málefna sem kveikir áhuga þeirra á frekari þekkingaleit, jákvæður agi, hlúa að og efla foreldrasamstarf

### Gildi í öndvegi

Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum, ábyrgð, traust, kærleikur, jafnrétti, jákvæð samskipti, tillitssemi, hlýja og umhyggja, snyrtimennska, kurteisi, vinnusemi, samvinna, heiðarleiki og gleði.



Þorgerður menntamálaráðherra í heimsókn í skólanum í september sl.

# Það kemur okkur öllum við

Sem kunnugt er, höfum við unnið skipulega að því að móta ramma og félagslega umgjörð um skólastarfið sem miðar að því að uppræta og vinna fyrirbyggjandi starf gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Við þjöppum okkur saman með umræðufundum og lestri um eðli, orsakir og áhrifaríkar leiðir gegn einelti. Markmiðið er að allir í bekknum - allir í skólanum - allir foreldrar, skynji og skilji að við tökum afstöðu gegn einelti og látum það ekki viðgangast. Eflum virðingu í öllum samskiptum. Samstilltur hópur starfsmanna, foreldra og nemenda getur lyft Grettistaki.

## Eineltishringurinn

Eineltishringurinn er afar gott verkfæri til að vinna með. Í hverri kennslustofu er veggspjaldið í lit. Það sýnir á myndrænan hátt hvernig mynstur eineltis getur litið út. Eineltishringurinn er notaður á bekkjarfundum og í almennum umræðum með börnunum til að skýra eðli eineltis og þátttöku fólks í eineltisaðstæðum. Eineltishringurinn er einnig notaður þegar sest er niður með börnum og þeim hjálpað við greiningu á aðstæðum. Einnig er tilvalið fyrir foreldra að setjast niður með börnum sínum, skoða myndina og ræða um hana.

## Bekkjarstarfið

Kennarar vinna margvísleg verkefni með bekkjum sínum til að auka vitund þeirra um eðli félagstengsla og efla þroskaða hegðun. Haldnir eru bekkjarfundir þar sem börnin ræða einelti, félagatengsl og líðan í bekknum. Flestir bekkir skólans hafa nú samið bekkjarreglur, aðrir eru á lokastigi þeirrar vinnu. Reglurnar eru sáttmáli bekkjanna um góð samskipti og hvernig vinnu-

umhverfi þeir vilja hafa í hávegum. Mynd af eineltishringnum hangir uppi í hverri stofu og til umræðna til að efla skilning nemenda á eðli og mynstri eineltis. Leitast er við að fá börnin til að ræða þessi málefni opið. Börn eru hvött til að láta fullorðna vita ef þau verða fyrir áreitni og hinir fullorðnu mega ekki bregðast þeim þegar leitað er til þeirra. Lögð er áhersla á að efla færni nemenda til að taka afstöðu gegn einelti og hjálpa þeim sem verða fyrir því.

## Aðgerðaáætlun gegn einelti

Unnin hefur verið skrifleg áætlun skólans sem sýnir til hvaða ráða er gripið þegar grunur er um eða uppvíst verður um einelti. Eineltisráð sér um að halda til haga upplýsingum um framvindu hvers máls og fylgja þeim eftir. Áætlunin er á vefsíðu skólans í kaflanum um stoðkerfið.

## Vinum saman

Það er sár reynsla að verða fyrir einelti og það eru flestir meðvitaðir um. Meðal annars þess vegna er oft mjög erfitt fyrir foreldra að horfast í augu við það ef barn þeirra tekur þátt í að leggja aðra í einelti. Við þurfum að eiga alvarleg samtöl við gerendur og þolendur og foreldra viðkomandi eftir föstum reglum. Hér þurfum við að leggja tilfinningarnar til hliðar og bera gæfu til að greina vandann á yfirvegaðan hátt og finna lausnir saman. Annars getum við ekki

upprætt slíkt athæfi.


Kæru foreldrar, tökum höndum saman. Skólinn getur ekki leyst þessi mál án góðrar samvinnu við ykkur. Það er lykillinn að góðum árangri í viðleitni okkar til að efla góða líðan allra í skólanum og gera hann að eftirsóknarverðum vinnustað sem börnin hugsa um með tilhlökkun.

Á síðasta skólaári dreifðum við upplýsingabæklingi með góðum ráðum sem við biðjum ykkur að lesa og hafa við höndina. Þeir sem ekki eiga þennan bækling nú, eru beðnir um að nálgast hann hjá ritara skólans.

## Hvað er einelti?

Við tölum um einelti þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreitni eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verja sig. Um getur verið að ræða beint einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum eða hótunum. Það er líka einelti ef stríðni er endurtekin og sá sem hefur verið strítt hefur sýnt að honum mislíki. Óbeint einelti getur verið jafnslæmt. Með óbeinu einelti er átt við að maður verði útilokaður frá félagahópnum, verði fyrir illu umtali eða að aðrir komi í veg fyrir að maður eignist vini.

(Heimild: Dan Olweus: Einelti meðal barna og unglinga, bls. 3.)



# Mat á skólastarfi - viðhorfakönnun

Viðhorfakönnun var meðal foreldra barna í 4., 6. og 9. bekk þann 3. október 2005. Samtals eru 180 börn í þessum árgöngum og 80 foreldrar svöruðu sem er rúmlega 44% þátttaka. Spurningalistinn sem foreldrar svöruðu er byggður upp á staðhæfingum með svarmöguleikum unum sammála, frekar sammála, frekar ósammála, ósammála.

## Styrkleikar

Flokkun í styrkleika byggir á því að 87% eða fleiri lýsa sig sammála eða frekar sammála staðhæfingunum. Eftirfarandi atriði flokkast sem styrkleikar í skólastarfinu samkvæmt þessu viðmiði:

- Skólinn hvetur barnið mitt til að skila góðum námsárangri.
- Góð samskipti hjá nemendum.
- Barninu mínu líður vel í skólanum.
- Umsjónarkennari hefur góða yfirsýn yfir þarfir barnsins.
- Mér finnst ég vera velkomin í skólann.
- Skólinn hefur kynnt stefnu og markmið með skýrum hætti.
- Skólinn tekur tillit til óska okkar og athugasemda.
- Skólastjóri áhugasamur um að bæta skólastarfið.
- Ánægja með stjórnun skólans.
- Kennarar leggja metnað sinn í að kennslan sé góð.

- Við treystum starfsmönnum skólans.
- Góð skilyrði eru fyrir börnin til að ná árangri í námi og starfi.
- Þjónusta við fatlaða er góð.
- Skólinn nýtur virðingar í samfélaginu.
- Metnaður skólayfirvalda.
- Það fá allir hjálp ef þeir lenda í vandræðum.

## Umbótaverkefni

Umbótaverkefni teljum við til þeirra atriða sem ekki náðu fyrrgreindu viðmiði, þ.e. að 87% eða fleiri væru staðhæfingunni sammála eða frekar sammála. Umbótaverkefnið eru agamál, náms- og vinnufriður, vinna gegn einelti, námsframboð fyrir dugmikla nemendur og að auka tómstundastarf á vegum skólans.

## Umbætur sem unnið er að í þessum málaflokkum:

Til að vinna gegn og fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun er unnið eftir sérstakri áætlun, svonefndri Olweusaráætlun. Innleiðing hennar hófst haustið 2004. Hún byggir á vitundarvakningu alls skólasamfélagsins á samskiptum og sterki íhlutun okkar þegar samskiptin eru ekki í lagi. Ennfremur er unnið eftir sérstakri áætlun þegar upp kemst um að nemendur eru áreittir þannig að

það flokkist undir einelti. Þessar áætlanir má lesa frekar um á vefsíðu skólans.

Agamál fléttast inn í Olweusarverkefnið og eru mikilvægur hluti þess. Umsjónarkennarar hafa unnið bekkjarreglur með nemendum sínum og hafa reglulega bekkjarfundir þar sem samskipti og framkoma eru rædd. Deildafundir og starfsmannafundir undanfarið hafa fjallað um leiðir til að bæta umgengni og skólabrag og sífellt er leitast við að efla samstöðu allra um að halda skólareglur. Kennarar og foreldrar eru hvattir til að hafa öflugt samstarf sín á milli, m.a. til að taka höndum saman um að bæta alla umgengni, framkomu og ástundun.

Þróunaráætlun skólans um fjölbreytta kennsluhætti miðar að því að bæta námsaðstöðu allra nemenda, bæði þeirra sem eru hægfara og einnig hinna sem eru afkastameiri. Sjá áætlun á vefsíðu skólans.

Stefna okkar er aukið samstarf við félagsmiðstöðina Ölduna og að virkja nemendur í nemendaráði enn frekar til að efla félagsstarf innan skólans og tengja það meira daglegu skólastarfi.



## Til umhugsunar

Stöndum saman um að byggja upp heilbrigða og sterka einstaklinga. Leggjum áherslu á vellíðan, metnað, styrka sjálfsmynd, val um heilbrigðan lífsstíl, viðfangsefni við hæfi til að þroska einstalinginn og að efla virðingu allra fyrir sjálfum sér og öðrum.

- **Okkur kemur það við:** Ef við verðum vör við fíkniefna-

neyslu, ofbeldi, einelti eða lögbrot einhvers eða einhverra, þá gerum við ráðstafanir og látum viðeigandi aðila vita.

- **Virðum reglur:** Setjum sjálf-sagðar reglur um hegðun og framkomu og fylgjum þeim eftir. Virðum útivistarreglur.
- **Jákvæð viðhorf:** Njótum lífsins, gleðjumst saman, leitum lausna,

gerum skynsamleg

lífsviðhorf að sjálfsögðum hlut. Verum óspör á hrós.

- **Stöndum saman:** Skiptumst á upplýsingum. Tölum saman, tókum strax á málum, höldum fundi, notum símann, skrifum bréf.

v/ Öldutún  
220 Hafnarfjörður

Sími: 555 1546  
Fax:: 555 1517

Netfang:  
oldutunsskoli@oldutunsskoli.is

Skólastjóri: Erla Guðjónsdóttir.

Aðstoðarskólastjórar: Guðmundur  
Ingi Jónsson og María Pálmadóttir.

## Stefna Öldutúnskóla

- Skapa það andrúmsloft og umhverfi í skólanum að nemendum líði þar vel og geti þroskast og dafnað á sínum forsendum við krefjandi og áhugaverð verkefni í leik og starfi.
- Gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og veita þeim þá hvatningu og stuðning við ákvarðanatöku um framvindu náms sem mögulegt er.
- Halda forráðamönnum nemenda vel upplýstum um skólastarfið og námsframvindu barna sinna og stuðla að jákvæðum og gagnvirkum samskiptum milli heimilis og skóla.
- Umgangast hvert annað af virðingu og kurteisi og að jákvæðni sé aðalsmerki nemenda og starfsmanna skólans, því með henni komumst við þangað sem við ætlum okkur.

# Tilkynningar og fréttaskot

- **Fjöltefli í Öldutúnskóla – Hrókurinn kemur í heimsókn.** Mánudaginn 24. október fáum við heimsókn skákmanna frá Hróknum. Þeir munu hitta þriðju bekkinga og gefa þeim bók um skák og tefla fjöltefli við krakkana. Við fögnum komu þeirra og munum nýta þetta til að efla skákíþróttina innan skólans.
- **Mánudagurinn 24. október.** Starfsmönnum skólans er gefin kostur á að taka þátt í útifundi í tilefni af því að 30 ár eru liðin frá kvennafrídegi. Engin starfsemi er því í skólanum frá og með klukkan 14 mánudaginn 24. október.
- **9. og 10. bekkir í leikhús. Actavis býður öllum nemendum þessara árganga í Hafnarfirði á leiksýningu.** Nemendur í Öldutúnskóla fara þriðjudaginn 25. október. Sýningin sem heitir „Hvað ef“ fjallar á nýstárlegan og skemmtilegan máta um kaldar staðreyndir varðandi neyslu vímuefna. Stefnan er að sýna unglingum fram á að þeir hafa val og margar saklausar ákvarðanir geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.
- **Námsstefna allra kennara í Hafnarfirði 26. október næstkomandi.** Miðvikudaginn 26. október verður námsstefna, skipulögð af Skólaskrifstofunni, frá klukkan 13:00–17:00. Allri kennslu lýkur klukkan 12:40. Selið opnar um leið og kennslu lýkur fyrir þau börn sem eiga skráðan dvalartíma þar.
- **Vetrarfrí.** Dagana 27. til og með 31. október næstkomandi er vetrarfrí nemenda. Selið verður opið fyrir nemendur í 1. til 4. bekk og þurfa foreldrar að sækja sérstaklega um dvalartíma í síðasta lagi þriðjudag 25. október á eyðublaði sem börnin koma með heim.
- **Heimsókn 10. bekkinga til Suðurnesja.** Dagana 20. -21. október voru 10. bekkingar í heimsókn á Suðurnesjum. Skoðaðir voru markverðir staðir, farið var á söfn og Fræðasetrið í Sandgerði heimsótt. Kvöldvaka var með 10. bekkungum í Sandgerði á fimmtudagskvöldinu.
- **Skólabúðir á Reykjum.** Árlega fara 7. bekkir í skólabúðir á Reykjum. Að þessu sinni er farið 28. nóvember og dvalið til 2. desember.

